



Hagstofa Íslands

2. maí 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, 627. mál

Í frumvarpi þessu er í 6. gr. lögð til breyting á 28. gr. laganna sem snertir Hagstofu Íslands beinlínis og verður þessi umsögn einskorðuð við þá tillögu.

Núgildandi 28 gr. laganna ber yfirskriftina *Bann við notkun nafna í markaðssetningu o.fl.* Þar segir að Hagstofa Íslands skuli halda skrá yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi og að þeir sem starfa í beinni markaðsókn eða nota skrá með nöfnum í tengslum við slíka starfsemi skuli bera skrána saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem eru því mótfallnir. Þegar núgildandi lög voru sett var Hagstofan andvíg þessu ákvæði. Hún hafði af eigin hvötum merkt við þá einstaklinga í þjóðskrá, sem vildu vera lausir við póst af þessu tagi, til þess að unnt væri að fella niður nöfn þeirra þegar þjóðskrá væri notuð til útsendingar dreifibréfa o.þ.h. Ákvæði 28. gr. um að Hagstofan skyldi halda sjálfstæða bannskrá til nota við allar útsendingar og úthringingar vegna markaðsstarfsemi gekk mun lengra og í reynd út fyrir verksvið Hagstofu Íslands, Þjóðskrár.

Breytingartillögur 6. gr. fyrirbyggjandi frumvarps, sem snerta Hagstofuna, eru fjórbættar: 1) Hugtakið *bannskrá Hagstofunnar* er tekið upp í fyrirsögn greinarinnar. 2) Við hlutaðeigandi málsgrein, nú 2. mgr., er aukið orðunum “en Persónuvernd setur Hagstofu Íslands nánari fyrirmæli um gerð og notkun slíkra skráa og hvað upplýsingar skuli koma þar fram”. 3) Felld eru niður fyrirmæli um að nafnaskrá til markaðssetningar skuli borin saman við skrá Hagstofunnar á mánaðarfresti. 4) Tekin er upp ný málsgrein, 3. mgr., með orðunum “Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst”. Engar skýringar eða rökstuðning fyrir þessum breytingartillögum er að finna í frumvarpinu og segir þar aðeins um þessi atriði: “Ekki eru lögð til

önnur efnisleg nýmæli en lagðar eru til nokkrar orðalagsbreytingar á ákvæðinu til frekari samræmingar og skýringar.” Þá má geta þess að ekki var haft samráð við Hagstofuna um samningu þessa frumvarps.

Hagstofa Íslands óskar hér með eftir því að allsherjarnefnd Alþingis beiti sér fyrir þeirri breytingu á 6. gr. frumvarpsins og 28. gr. laganna að því hlutverki að halda sérstaka bannskrá, eins og að ofan greinir, verði létt af Hagstofunni og það fært til einhvers þess aðila sem til þess er bær. Verkefnið er utan verksviðs Hagstofu Íslands, Þjóðskrár eins og það er skilgreint í lögum um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962. Þetta verkefni íþyngir starfsemi Hagstofunnar og gæti beinlínis verið andstætt og grafið undan meginhlutverki hennar við almannaskráningu. Auk þessa má benda á að það fær naumast staðist eða er a.m.k. sérkennileg lögfræði að Persónuvernd geti sett óskyldu ráðuneyti, sem er æðra sett stjórnvald, “fyrirmæli” eins og lagt er til í frumvarpinu.

F. h. r.



